



Öryggisgátlisti fyrir heimili

Við mælum með því að þú farir reglulega yfir atriðin á þessum gátlista og sinnir því sem þarf til að tryggja öryggi gesta þinna og heimilisins þíns.

Síðast uppfært: _____

Neyðarkort

Farðu yfir neyðarkortið þitt og passaðu að þar megi finna nýjustu upplýsingar fyrir gestina þína.

Reykskynjarar

Athugaðu hvort tækin virki og rafhlöðurnar hafi hleðslu. Kynntu þér staðbundnar reglur um hvar þú ættir að setja upp tæki. Vanalega þarf að minnsta kosti 1 tæki á hverri hæð og fyrir utan alla svefnaðstöðu.

Kolsýringsskynjarar

Athugaðu hvort tækin virkiog rafhlöðurnar hafi hleðslu. Kynntu þér staðbundnar reglur um hvar þú ættir að setja upp tæki. Vanalega þarf að minnsta kosti 1 tæki á hverri hæð og fyrir utan alla svefnaðstöðu.

Slökkvitæki

Athugaðu þrýstimælinn og fyrningardagsetningu.

Sjúkrakassi

Skiptu út útrunnum vörum og fylltu á hann, til dæmis gæti vantað plástra, eftir þörfum.

Neyðarrýmingarbúnaður

Skiptu út útrunnum vörum og fylltu á birgðir eins og vatn og mat eftir þörfum.

Rýmingaráætlun

Farðu yfir rýmingaráætlunina þína og sjáðu til þess að á henni séu nýjustu upplýsingarr og sjáðu til þess að ekki vanti nauðsynleg atriði á borð við neyðarstiga, rýmingarkort og/eða fundarstað.

Hitakerfi

Láttu fagmann skoða og hreinsa skorsteina og loftop.

Vatnshitari

Staðfestu að hitastigið sé innan öruggra marka.

Gas- og rafmagnstæki

Staðfestu að tækin séu örugg og virki rétt, eins og framleiðandinn ráðleggur.